



Samkeppniseftirlitið

b.t. Steingríms Ægissonar

Borgartúni 26

105 Reykjavík

Reykjavík, 5. ágúst 2022

**Án trúnaðarupplýsinga**

**Efni: Kaup Ardian á Mílu | Sjónarmið Sýnar hf.**

Vísað er til umsagnarbeiðni Samkeppniseftirlitsins, dags. 21. júlí 2022, þar sem reifað er frummat eftirlitsins vegna kaupa Ardian France SA á Mílu hf. og óskað eftir athugasemdum um framkomin sjónarmið og tillögur Ardian að skilyrðum. Framlengdur frestur var veittur til dagsins í dag. Fer umsögn Sýnar hér að neðan.

### **1. Almenn**

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum lítur Sýn hf. almennt séð svo á að með því að Míla hf. færir undir yfirráð aðila sem ekki er starfandi á fjarskiptamarkaði hér á landi ættu hvatar fyrirtækisins til þess að veita fjarskiptafyrirtækjum aðgang að innviðum og þjónustu félagsins á jafnræðisgrundvelli að eflast. Með því getur að mati Sýnar dregið enn frekar úr aðgangshindrunum inn á fjarskiptamarkað og hættu á mismunum sem raskar samkeppni.

Að því gefnu að kaup Ardian á Mílu hf. rjúfi í reynd þá lóðréttu samþættingu sem verið hefur til staðar innan Símasamstæðunnar, hvað varðar heildsölu- og smásöluviðskipti á fjarskiptamarkaði, og að þeir samningar sem viðskiptunum tengjast dragi ekki úr hvata Mílu hf. til að veita fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði aðgang á jafnræðisgrundni, er að mati Sýnar hf. líklegt að umrædd viðskipti geti haft jákvæð eða eftir atvikum hlutlaus áhrif á samkeppni. Þessir þættir eru hins vegar grundvallatriði við mat á því hvort samruninn hafi neikvæð eða jákvæð áhrif á samkeppni. Ef samningar er viðskiptunum tengjast hafa útilokandi áhrif fyrir Sýn hf. og aðra keppnauta Símans á fjarskiptamarkaði verður að telja verulegar líkur á því að samruninn geti dregið umtalsvert úr virkri samkeppni í skilningi 3. mgr. 17. gr. b samkeppnislaga.

### **2. Um frummat Samkeppniseftirlitsins og tillögur Ardian að skilyrðum**

#### **A. Heildsölusamningur Mílu og Símans**

Fram kemur í frummati eftirlitsins að um sé að ræða alhliða heildsölusamning fyrir öll helstu aðföng sem Síminn þarf til að veita fjarskiptaþjónustu um fastlínu og farnet, bæði fyrir heimilismarkað og fyrirtækjamarkað. Þá tekur samningurinn til núverandi og fyrri þjónustu Mílu til Símans. Þá er um að ræða heildsölu og kaupskyldu skv. samningnum. Símanum er skylt að nýta heildsölupjónustu Mílu samkvæmt samningnum til að veita fjarskiptaþjónustu í smásölu til endanotenda. Í samningnum er einnig kveðið á um lágmarks framtíðarkaup Símans í fjölda og veltu hjá Mílu vegna tiltekinna aðfanga. Einnig mun vera sk. Enskt ákvæði í heildsölusamningnum.

Þá kemur fram í frummatinu að komi samruninn til framkvæma á grundvelli óbreytts heildsölusamnings myndi það að fela í sér verulega afturför frá núverandi samkeppnisaðstæðum sem skilyrðum í sátt frá 2015 er ætlað að vernda.



Til að mæta frummati Samkeppniseftirlitsins hefur Ardian lagt til að tímalengd heildsölusamningsins verði stytta þannig að upphafleg tímabil verði 17 ár í stað 20 ára. Þá verði fyrsta mögulega framlenging í 8 ár í stað 5 ára. Einnig eru gerðar tillögur um nánar tiltekna breytingar á heildsölusamningnum, svo sem með því að afnema tiltekna samráðsnefndir og að þess í stað komi óháður kunnáttumaður. Jafnframt eru gerðar tillögur að breytingum sem hafa það að markmiði að draga úr áhrifum samkeppnisbanns milli Mílu og Símans.

Allar þessar tillögur að breytingum eru í rétta átt. Sýn telur hins vegar að þessi skilyrði kunni að ganga of skammt til að draga úr samkeppnishamlandi áhrifum einkakaupaákvæðanna og hinu sk. enska ákvæði. Skv. framansögðu beinir Sýn því til Samkeppniseftirlitsins að taka til skoðunar hvort unnt sé með frekari skilyrðum að draga enn frekar úr umfangi einkakaupa skv. heildsölusamningnum. Í því samhengi skal tekið undir með Samkeppniseftirlitinu að ekki séu til séu dæmi um hliðstæð kaup á fjarskiptainnvíðum eins og hér liggur til grundvallar, þar sem hið selda er rekstrarfélag sem tekur til virkra jafnt sem óvirkra innviða í heildsölustarfsemi, markaðshlutdeild er sterk á breiðu sviði, seljandi er stærsti smásöluaðili á viðkomandi markaði og markaðsráðandi á einstökum undirmörkuðum, og seljandi og hið selda eru bundin jafn þéttum viðskiptaböndum og samstarfi til langs tíma eftir kaupin. Með hliðsjón af sérstöðu þessa máls telur Sýn jafnframt það verulegt álitamál hvort viðbótartakmarkanir á borð við samkeppnisbann í 20 ár samræmist leiðbeiningareglum framkvæmdastjórnar ESB um viðbótartakmarkanir.

*B. Markaðsráðandi staða að myndast eða styrkjast*

Sýn hf. gerir ekki athugasemdir við mat Samkeppniseftirlits á sterkri stöðu Mílu á mörkuðum málsins.

*C. Hætta á samkeppnishamlandi samhæfðri hegðun keppinauta.*

Í bréfi Samkeppniseftirlitsins þar sem frummat þess er reifað kemur fram að í gögnum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað og áreiðanleikakönnun vegna kaupa Ardian á Mílu sé fjallað um áætlanir um mjög umfangsmikið framtíðarsamstarf fjarskiptafélaga fyrir gagnaflutning um stofnlínur og mögulega útlandasambönd. Virðist þetta hafa verið nefnt „Backbone Alliance“ og lagt hafi verið til grundvallar að Míla, Síminn, Sýn og Nova muni mynda þetta bandalag.

[.....]<sup>1</sup>

**3. Niðurlag**

Að öðru leyti en að framan greinir vísar Sýn hf. til fyrri umsagna sinna til Samkeppniseftirlitsins, dags. 9. nóvember 2021 og 22. febrúar 2022, sem enn gilda fullum fetum eftir því sem við getur átt.

Virðingarfyllt,

f.h. Sýnar hf.

Páll Ásgrímsson, lögmaður

---

<sup>1</sup> Trúnaðarupplýsingar